

## Fundargerð

13. fundar í Erfðanefnd landbúnaðarins  
Keldnaholti, 15. maí kl. 10:00-12:00

*Mættir aðalmenn:*

Áslaug Helgadóttir, formaður, Emma Eyþórsdóttir, Ríkharð Brynjólfsson, Jón Viðar Jónmundsson, Aðalsteinn Sigurgeirsson.

*Forföll boðuðu:* Guðni Guðbergsson, Snorri Baldursson.

### 1. Samþykkt dagskrár

Drög að dagskrá voru send út fyrir fundinn og var dagskráin samþykkt. Emma ritaði fundargerð.

### 2. Fundargerð síðasta fundar

*Fundargerð frá 12. fundi var samþykkt.* Formaður áréttaði leiðréttingu á upphæðum í áætlun sem dreift var eftir fundinn og hafa verið leiðréttar í tölvupósti.

### 3. Staða mála frá síðasta fundi

Formaður gerði grein fyrir atburðum frá síðasta fundi. Sjá einnig gögn sem dreift var á fundinum.

- Stofnfundur Erfðalindaseturs var haldinn 8. maí á Hvanneyri þar sem skrifað var undir samning milli Lbhí og SLR um stofnun setursins. Rætt hefur verið við fulltrúa Umhverfissráðuneytis um þátttöku í Erfðalindasetri en þar hefur ekki verið tekin afstaða til málsins. Málstofa um erfðalindir í íslenskum landbúnaði var haldin í framhaldi af stofnfundinum og sýnd var mynd Guðnýjar Halldórsdóttur um forystufé sem styrkt var af erfðanefnd. Samningi um stofnun erfðalindaseturs var dreift ásamt lista yfir samstarfsaðila setursins.
- Landsáætlun um verndun erfðaauðlinda er frágengin og var kynnt á fyrrnefndum fundi 8. maí. Skýrslunni var dreift á fundinum og hún er aðgengileg á heimasíðu erfðanefndar [www.agrogen.is](http://www.agrogen.is)
- Skýrslu um störf erfðanefndar var skilað til SLR í mars (var dreift). Formaður hefur brugðist við tveimur erindum til nefndarinnar í samráði við nefndarmenn.

### 4. Afgreiðsla umsókna um styrki

Alls bárust fjórar umsóknir um styrki að þessu sinni:

Umsækjandi	Heiti verkefnis	Sótt um kr.
Jón H. Hallsson	Erfðafjölbreytni íslenskra landnáms-hænsna	700 þús.
Samson Harðarson	Söfnun og varðveisla ræktaðra íslenskra yrkja loðvíðis og gulvíðis	500 þús.
Magnus Göransson	Molecular diversity in Nordic Angelica populations	700 þús.
Búnaðarsamtök Vesturlands	Stuðningur við sauðfjársæðingarstöðvar vegna viðhalds á sérkennum í íslensku fé	100 þús.
<b>SAMTALS</b>		<b>2.000 þús.</b>

*Samþykkt var að verða við öllum þessum umsóknum. Bent var á varðandi verkefni um erfðafjölbreytni landnámsheimsna að nýta eldri arfgerðagreiningar jafnframt nýjum niðurstöðum. Styrkur til BúVest (sauðfjársæðingastöðvanna) var skilyrtur árlegum skýrslum um notkun forystuhrúta á stöðvunum.*

## **5. Þátttaka erfðanefndar í starfi erfðalindaseturs**

Áætlun ársins 2009 gerði ráð fyrir kr. 1.500 þús. vegna kaupa á þjónustu erfðalindaseturs. Formaður gerði tillögu að hækkun þessa liðs í kr. 2.500 þús. í ljósi þess að ásókn í styrki er minni en áætlað var og brýnt er að byggja starfsemi setursins sem fyrst.

*Samþykkt var að auka fjárveitingu vegna kaupa á þjónustu erfðalindaseturs í kr. 2.500 þús árið 2009. Jafnframt verði verkefni sem nefndin greiðir fyrir skilgreind fyrir fram á hverju ári.*

## **6. Eftirfylgni stefnumörkunar erfðanefndar 2009-2013**

Formaður rökstuddi mikilvægi þess að stefnumörkun og aðgerðaráætlun erfðanefndar sem birtist í nýrri landsáætlun verði fylgt eftir og reglulega farið yfir stöðuna. Þetta mál tengist beint skilgreiningu verkefna undir 5. lið.

*Samþykkt að framkvæmd áætlunarinnar verði fastur liður á fundum nefndarinnar og að formaður geri grein fyrir framvindu starfsins.*

## **7. Önnur mál**

- Rætt var um mögulega dreifingu á mynd Guðnýjar Halldórsdóttur um forystufé og þýðingu textans á önnur mál þannig að hægt væri að kynna hana erlendis.
- Emma sagði frá fundi European Regional Focal Point (ERFP) sem var haldinn í Reykjavík 30. apríl. Þar voru saman komnir landsfulltrúar (national coordinators) flestra Evrópulanda FAO í starfi um verndun erfðaaauðlinda í búfé. Íslenskt búfé og búfjárrækt voru kynnt í erindum á fundinum og farin var kynnisferð með þátttakendum m.a. að Hvanneyri og Hesti.
- Skýrt frá því að Skógrækt ríkisins hefur hætt þátttöku í EUFORGEN sem er samstarfsvettvangur Evrópuþjóða um erfðaaauðlindir skóga. Skógræktin telur sér ekki fært að greiða þátttökugjald vegna þessa starfs. SLR hefur ekki fallist á að greiða gjaldið.

## **8. Næsti fundur**

Umboð nefndarinnar rennur út í nóvember 2009. Boðað verður til fundar í haust ef þurfa þykir, annars bíður fundarboð nýrrar nefndar.